

- 158** 2. Forgangskröfur samkvæmt 8. kap. 83. gr. skiptalaganna, að svo miklu leyti
16. sept. sem eigur skuldunauts teljast hrökkva fyrir þeim.

13. gr.

Frá því skuldunautur hefur óskað aðstoðar skilanefndar og þangað til samningaumleitunum er lokið, má hann ekki selja eignir sínar umfram venjulega afurðasölu og ekki veðsetja þær, nema fyrir nauðsynlegum rekstrarlánnum, og yfirleitt ekki gera neinar þær ráðstafanir, er veruleg áhrif geti haft á efnahag hans. Ef í ljós kemur eftir að samningur hefur verið staðfestur, að skuldunautur hafi brotið ákvæði greinar þessarar, er skilanefnd heimilt að ógilda samning án fyrirvara.

14. gr.

Jafnskjótt sem skilanefnd hefur tekið við aðstoðarbeiðni, skal það tilkynnt skiptaráðanda, og er þá hvers konar aðför vegna skulda skuldunauts óheimil á hendur honum og ábyrgðarmönnum hans, þangað til samningaumleitunum er lokið. Eigi verður heldur bú hans tekið til gjaldþrotaskipta þenna tíma. Nú takast eigi samningar og bú skuldunauts er tekið til gjaldþrotaskipta, áður en sex mánuðir eru liðnir frá því er samningaumleitunum lauk, og við skiptin kemur í ljós, að skuldunautur hefur brotið gegn ákvæðum 13. gr., og má þá með málssókn rifta þeim samningum og greiðslum, er ólöglega hafa farið fram samkvæmt reglum gjaldþrotaskiptalaga, enda sé málssókn hafin innan sex vikna frá því er búskipti byrja. Tímabilið frá því er skilanefnd hefur tekið við aðstoðarbeiðni og þangað til samningaumleitunum er lokið, telst ekki með fyrningartíma skuldar, víxilréttar né neinna réltargerða.

15. gr.

Ráðherra ákveður, hvenær skuldaskilum samkvæmt lögum þessum skuli lokið.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 100 29. desember 1938, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Atvinnudlaráðuneytið, 16. september 1949.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Gunnl. E. Briem.

159

16. sept.

AUGLÝSING

um bann við útflutningi nokkurra tegunda flatfiskjar, sem flytja skal á

Viðskiptadeild utanríkisráðuneytisins hefur ákveðið, að frá og með deginum í dag eða þar til öðruvísi verður ákveðið, skuli óheimilt að selja í fisktökuskip eða flytja út með þeim skarkola, þykkvalúru og smálúðu til sölu á erlendum markaði í ísvörðu ástandi.

Brot gegn þessu varðar refsingu samkvæmt lögum nr. 11 frá 12. febrúar 1940, svo og reglugerð, dags. 6. september 1948.

Utanríkisráðuneytið, viðskiptadeild, 16. september 1949.

Gunnlaugur Pétursson.

Páll Ásg. Tryggvason.